



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 19. apríl 2024

**Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Lotukerfi í 2. flokki kk. A liða og 3. flokki kk. og kvk. A liða.
Reglugerð um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga – Erlendir leikmenn**

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 17. apríl sl. voru samþykktar breytingar annars vegar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og hins vegar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga. Í báðum tilfellum er um að ræða framlengingu á bráðabirgðaákvæðum sem hafa verið í gildi undanfarin ár.

- Samþykkt var að framlengja bráðabirgðaákvæði um lotukerfi í 2. flokki karla A liðum, 3. flokki karla A liðum ásamt 3. flokki kvenna A liðum.
- Framlengd var tímabundin heimild í 2. flokki kvenna vegna hlutgengis leikmanna sem eru 20 ára á almanaksárinu á keppnistímabilinu 2024. Teljast þeir leikmenn ekki til þeirra fjögurra eldri leikmanna sem heimilt er að nota. Heimilt er að hafa fjóra eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem hófu ekki leik með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.
- Samþykkt var að framlengja bráðabirgðaákvæði í reglugerð varðandi heimild til að hafa að hámarki fjóra leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi skráða á 2 leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ, að því skilyrði uppfylltu að a.m.k. einn þeirra leikmanna hafi úkraínskan ríkisborgararétt.

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir tilgreindar breytingar:

Það sem samþykkt hefur verið að bæta við í reglugerð er **grænmerkt**
Það sem samþykkt hefur verið að fjarlægja úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~

**REGLUGERÐ KSÍ
um knattspyrnumót**

24.gr.
2. flokkur karla

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2024.

24.3. Íslandsmót A-liða

24.3.1. Í 2. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2024 fara eftir ákvæði þessu.

24.3.2. Liðum skal raðað niður í tíu liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.

24.3.3. Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:

- Lota 1; skal leikin frá mars til maí mánaðar.
- Lota 2; skal leikin frá maí til júlí
- Lota 3; skal leikin frá ágúst til október.

Miðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færast niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færast upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.

24.3.3. Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

25. grein - 3. flokkur karla

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2024:

25.4 Íslandsmót A-liða

25.4.1 Í 3. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2024 fara eftir ákvæði þessu.

25.4.2 Liðum skal raðað niður í átta liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. til fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.

25.4.3 Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:

- a) Lota 1; skal leikin frá mars til maí mánaðar.
- b) Lota 2; skal leikin frá maí til júlí
- c) Lota 3; skal leikin frá ágúst til september.

Miðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færast niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færast upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.

25.4.4 Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

25.5 Undanþága frá keppni A-liða

25.5.1 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti keppnistímabilið 2024:

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið.
- b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið.

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.

30. grein - 2. flokkur kvenna

11 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Ákvæði til bráðabirgða keppnistímabilið 2024: Allir leikmenn sem eru 20 ára á almanaksárinu eru hlutgengir í 2. aldursflokki kvenna keppnistímabilið 2024 og teljast ekki til þeirra fjögurra eldri leikmanna sem heimilt er að nota. Heimilt er að hafa fjóra eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem hófu ekki leik með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

31. grein - 3. flokkur kvenna

Ákvæði til bráðabirgða 2024:

31.4 Íslandsmót A-liða

31.4.1 Í 3. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2024 fara eftir ákvæði þessu.

31.4.2 Liðum skal raðað niður í átta liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. til fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.

31.4.3 Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:

- a) Lota 1; skal leikin frá mars til maí mánaðar.
- b) Lota 2; skal leikin frá maí til júlí
- c) Lota 3; skal leikin frá ágúst til september.

Miðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færast niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færast upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.

31.4.5 Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

31.5 Undanþága frá keppni A-liða

31.5.1 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti keppnistímabilið 2024:

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið.

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.

REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga

23. gr.
Erlendir leikmenn


23.1. Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en þrír erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ. Leikmaður með breskt ríkisfang (England, Norður-Írland, Skotland og Wales) sem fengið hefur útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 (Brexit) telst ekki á meðal þeirra þriggja erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.

23.2. Um félagaskipti erlendra leikmanna, sem leikið hafa með íslensku félagi, gilda ákvæði þessarar reglugerðar.

Ákvæði til bráðabirgða 2024:

23.3 Þrátt fyrir ákvæði 23.1 er félögum á keppnistímabilinu 2024 heimilt að hafa að hámarki fjóra leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi skráða á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ, að því skilyrði uppfylltu að a.m.k. einn þeirra leikmanna hafi úkraínskan ríkisborgararétt.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

A handwritten signature in blue ink that reads "Haukur Hinriksson". The handwriting is cursive and somewhat stylized.

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ